

173. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 29. janúar 2025 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson, Kristján Ketill Stefánsson varamaður Sigrúnar Birnu Björnsdóttur, Stefán Bogi Sveinsson, Magnús Jónsson og Þorvaldur P. Hjarðar varamaður Þuríðar Lillýjar Sigurðardóttur. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir Ríkey Elísdóttir f.h. nemenda, Steinunn Snædal f.h. foreldraráðs og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Verklagsreglur og fundarsköp skólanefndar
2. Gangurinn í starfinu á vorönn
3. Starfsmannamál skólaársins
4. Fjárhagsstaða og mótvægisáðgerðir 2025
5. Félagslíf og skólabragur frá NME
6. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Verklagsreglur og fundarsköp skólanefndar

Formaður skólanefndar fer yfir verklagsreglur og fundarsköp skólanefndar sem voru síðast uppfærðar 2018. Hlutverk skólanefndar er tiltekið ásamt öðrum skyldum. Engin reglugerð er til um skólanefndir. Formaður fer yfir tillögur að breytingum. Þar er m.a. að á haustfundi skuli kjósa formann nefndar til næsta skólaárs í stað þess að æskilegt sé. Auk þess er bætt við að dagskrá funda nefndarinnar skuli m.a. taka mið af lögbundnu hlutverki skólanefndar. Breytingartillögur eru um ritun fundargerða í þá veru að ritari sendir til skólameistara. Hann og formaður ganga frá fundargerðinni og senda til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir. Birta skal fundargerðina á heimasíðu skólans innan viku. Breytingarnar eru samþykktar og uppfærðar verklagsreglur og fundarsköp skólanefndar samþykktar í heild sinni.

2. Gangurinn í starfinu á vorönn

Skólameistari fór yfir ganginn í starfinu á vorönn. Upphafið hefur gengið vel. Fyrri spönnin er að verða hálfnuð. Framundan er miðspannarmat og fjarvistatalning. Í framhaldi af því verður talað við nemendur sem er komnir í vanda og forráðamenn þeirra sem eru yngri en 18 ára.

Sjö starfsmenn fóru á Bett sýningu í London í síðustu viku. Þar eru nýjusta tækni og tól á sviði menntavísinda og kennslu kynnt fyrir gestum. Ýmsar nýjungar eru komnar á markaðinn. Þau sem fóru á ráðstefnuna munu í næstu viku kynna fyrir kennurum það sem fyrir augu bar.

Framkvæmdir til að bæta aðstöðu í mötuneyti heimvistarhúss ganga ágætlega og sér fyrir endann á þeim.

3. Starfsmannamál skólaársins

Skólameistari fór yfir starfsmannamál skólaársins. Einn starfsmaður fer í námsleyfi næsta skólaár. Áfangastjóri er í launalausum leyfi þetta skólaárið. Auglýsa þarf störf þeirra sem ekki eru með réttindi. Námsráðgjafi er í ársleyfi.

4. Fjárhagsstaða skólans

Fjárhagsstaðan er ekki góð. Halli síðasta árs verður líklega 40 milljónir króna. Húsaleigan hækkaði um 15 milljónir en sértekjur lækkuðu um 5-6 milljónir vegna fækkunar fjarnemenda. Launakostnaður er svipaður

og í fyrra. Niðurstaða ársins 2024 liggur ekki alveg fyrir en verið er að loka árinu. Stífl hagræðingarkrafa er gerð til skólans og hefur skólameistari gert ákveðnar tillögur til að mæta henni. Staða fjármálastjórans verður lækkuð í 50% frá og með 1. mars. Skoða þarf námsframboð og starfsmannahald fyrir haustönn. Skólanefnd minnir á að mikilvægt sé að standa vörð um námsframboðið því um leið og það skerðist kemur það niður á skólanum sem eykur líkur á að nemendum fækki enn frekar. Rætt um skort á skilgreiningu á kennslu fjarnemenda og þar með fjármagn til þeirrar kennslu. Samþykkt að skólameistari og formaður skólanefndar taki saman minnisblað varðandi rekstur skólans og áskoranir og óski eftir fundi með stjórn SSA til að sveitarstjórnarfolk sé meðvitað um stöðu skólans og hvar skóinn kreppir.

5. Félagslíf og skólabragur NME

Formaður NME segir frá félagsstarfinu. Framundan er Gettu betur í sjónvarpinu 6. febrúar en þá keppir ME við FÁ í átta liða úrslitum. Nemendur munu borga sjálfir flug og hittast í Reykjavík og hugsanlega kemur styrkur frá RÚV á móti. Miðvikudagsviðburðir hafa verið haldnir í hverri viku auk ME-bolta og stærri viðburði eins og árgangamót. 1. des. var haldinn og gekk mjög vel. Hann er stærsti viðburðurinn á skólaárinu. LME er að æfa leikritið Gosa sem verður frumsýnt 15. febrúar. Skólameistari hrósar stjórn NME fyrir öflug starf og gott skipulag. Skólanefnd sendir liði ME baráttukveðjur fyrir keppnina í Gettu betur.

6. Önnur mál

- Skólameistari fer yfir skóladagatal næsta skólaárs. Það var kynnt á kennarafundi sl. mánudag. Skólanefndin gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið fyrir sitt leyti.
- Fundargerð kennarafundar frá 27. janúar 2025 lögð fram til kynningar.
- Kristján Ketill, sem jafnframt situr í skólanefnd Hallormsstaðaskóla, sagði frá því að 11. mars verður háskóladagurinn. Þá verður kynnt diplómanám í sköpun og sjálfbærni í Hallormsstaðaskóla á vegum HÍ. Auglýst verður á næstunni eftir aðjúnt í sjálfbærni og fleira starfsfólki.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.10

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

Kristján Ketill Stefánsson

Stefán Bogi Sveinsson

Þorvaldur P. Hjarðar

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Þorvaldur P Hjarðar

Kristján Ketill Stefánsson